99. stjórnarfundur

29. maí 2026

Mættar eru: Hafdís Helga Helgadóttir, Hrefna Björg Gylfadóttir, Ragnhildur Thorlacius, Rósa Jakobsdóttir, Sigmundína Sara Þorgrímsdóttir, Sigurborg Rútsdóttir, Stefanía Sif Stefánsdóttir, Unnur Ylfa Magnúsdóttir og Valgerður B. Eggertsdóttir.

Fundarritari: Ragnhildur Thorlacius

- **Fundargerð til samþykktar:** Fundargerð samþykkt.
- **Hugarflug:** Hugmyndavinna stjórnarkvenna, stefnuverkefni og viðburðahugmyndir fyrir stjórnartímabil nýrrar stjórnar skrásett.
- **Áherslur nýrrar stjórnar**: Rætt um áherslur KÍO á vettvangi jafnréttismála. Ný stjórn hyggst leggja áherslu á stöðu iðnkvenna í orku- og veitugeiranum, skoða starfsmannaveltu m.t.t kyns sem og birtingarmyndir „randalínujafnrétti“. Þ.e. þegar kynjahlutföll líta vel út eða horfa til betri vegar innan geirans þegar á heildina er litið, en kynjaójafnvægi áberandi innan tiltekinna deilda eða sviða fyrirtækja.
- **Markmið stjórnar**: Að tengja saman og valdefla konur sem og auka sýnileika orku- og veitugeirans í samfélaginu
- **Verkaskipting:** Stjórn ræddi þau reglubundnu verkefni sem félagið sinnir og skipti með sér þeim verkum. Áhersla þó lögð á samvinnu og samstillingu allra stjórnarkvenna.
- **Fundartímar:** Stjórn skilgreindi reglubundinn fundartíma stjórnar.
- **Drög að dagskrá starfsársins skilgreind**.